



Viðtakandi: Bæjarráð Vestmannaeyja
Sendandi: Brynjar Ólafsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar
Dagsetning: 29. janúar 2026

Efni: Staða framkvæmda 2026

Íþróttamiðstöðin

- **Viðbygging:** Vinna við sökkla er hafin og er unnið skipulega frá vestri til austurs. Þetta er gert til að auðvelda jarðvinnuverktökum að moka ofan í grunninn innan sökkla. Samkvæmt grófri áætlun á uppsteypu að vera lokið í mars/apríl.
- **Æfingasalur 2 og 3:** Endurnýjun á lýsingu í sölunum gengur vel. Áætluð verklok þar eru fyrir komandi mánaðarmót.
- **Sundlaugakjallari:** Endurnýjun þar er langt komin og lauk helstu framkvæmdum fyrr á árinu. Unnið er að lokafrágangi, s.s. að koma skjámynd og stýringu upp í vaktbúr, færa til klórskynjara á betri stað, o.fl.

Gatnagerð og fráveita

- **Sólhlíð (Endurnýjun):** Verið er að leggja lokahönd á fráveitu í götunni. Á næstu 2-3 vikum mun HS Veitur klára lagningu á hita-, vatns- og rafveitu. Ef áætlanir standast verður gatan malbikuð um miðjan september.
- **Miðgerði (Ný framkvæmd):** Búið er að grafa götustæðið út að fullu og nú stendur yfir vinna við fráveitu. Framkvæmdatími hefur ekki staðist upphaflegar áætlanir verktaka.

3. Hásteinsvöllur – Flóðlýsing

- **Undirstöður og uppsetning:** Vinnu við undirstöður er lokið. Reiknað er með að verktakar mæti til Eyja um mánaðarmótin ágúst/september til að reisa möstrin og setja ljósabúnaðinn upp.
- **Lokafrágangur:** Í kjölfar uppsetningar verður gengið frá umhverfi í kringum möstrin. Líklegt þykir að steypa þurfi stoðvegg við mastrið í norðausturhorninu til að halda aftur af jarðvegi.



Eignfærðar framkvæmdir árið 2026

		Áætlun 2026_MV	Staða 31.7.2025	Áætl.eignf. júl-des 2026	Áætluð staða 31.12.2026
Eignasjóður					
32100-	Gatnagerð	85.000.000	89.077.385	-28.568.100	60.509.285
32100-	Gatnalýsing	20.000.000	28.602.507		28.602.507
32100-	Íþróttahús - búningsklefar og endurbætur	400.000.000	34.825.608	265.174.392	300.000.000
32100-	Íþróttahús - sundlaug	50.000.000	66.753.320		66.753.320
32100-	Hásteinsvöllur - gervigras og flóðlýsing	95.000.000	50.704.925	39.295.075	90.000.000
32100-	Tónlistarskólinn - uppbygging og endurnýjun	10.000.000	10.532.303		10.532.303
32100-	Eldheimar - Klæðning	80.000.000	23.374	49.976.626	50.000.000
32100-	Heimaey - innanhúsbreytingar	20.000.000		20.000.000	20.000.000
32100-	Leikskóli Löngulá - hönnuna	74.000.000	67.250	2.932.750	3.000.000
32100-	Kirkjugerði - uppbygging og endurnýjun	2.000.000	107.390	1.892.610	2.000.000
32100-	Safnahús - uppbygging og endurnýjun	6.000.000	3.224.517	2.775.483	6.000.000
32100-	Heimaey - Kjarninn bíll	5.000.000		5.000.000	5.000.000
32100-	Leikvöllir	5.000.000		5.000.000	5.000.000
32100-	Villan - tækjabúnaður vegna ljósleiðara	2.600.000		2.600.000	2.600.000
32100-	Þórsvöllur girðing	0	2.179.074	0	2.179.074
32100-	Tilfærsluviðauki	0			0
Alls Eignasjóður		854.600.000	286.097.653	366.078.836	652.176.489